

Sp.

32. Fyrirspurn

[32. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda réttindalausra við kennslustörf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margir réttindalausir starfsmenn eru nú ráðnir til kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hversu margir nýir réttindalausir starfsmenn voru ráðnir að grunnskólum og framhaldsskólum á nýbyrjuðu skólaári, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
3. Hefur í einhverjum tilvikum þurft að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum eða draga úr námsframboði vegna skorts á starfsmönnum og þá hvar og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.